



Samþykkt fyrir ungmannaráð Flóahrepps

1. gr.

Ráðið skal skipað þemur aðalmönnum og jafnmögum til vara. Öll ungmanni með lögheimili í Flóahreppi á aldrinum 16 – 25 ára eru kjörgeng í ungmannaráð.

2. gr.

Sveitarstjórн Flóahrepps skipar í ungmannaráð Flóahrepps að tillögu ungmannaráðs. Ungmannaráð tilnefnir á tveggja ára fresti þrjá fulltrúa í ungmannaráð og þrjá til vara. Æskulýðs- og tómstundanefnd gerir tillögu til sveitarstjórnar um formann ráðsins. Tilnefningin skal hafa átt sér stað fyrir 15. september hverju sinni. Við valið skal hafa að leiðarljósi að þessir fulltrúar endurspeglí sem breiðastan hóp þessa aldurshóps í Flóahreppi og að fulltrúar séu af báðum kynum. Starfstími ungmannaráðs skal vera frá 15. ágúst til 10. júní ár hvert.

3. gr.

Ungmannaráð er ráðgefandi um málefni samfélagsins og þó sérstaklega málefni sem tengjast ungu fólkum á aldrinum 16 til 25 ára. Ungmannaráð gerir tillögur og sendir erindi til viðkomandi nefnda eða beint til sveitarstjórnar um þau mál sem ráðið telur að tengjast hagsmunum og aðstæðum ungs fólks. Ungmannaráð tekur til umfjöllunar þau mál sem nefndir sveitarfélagsins eða sveitarstjórн fela ráðinu að fjalla um.

4. gr.

Ungmannaráð fylgist með því að stofnanir og svið sveitarfélagsins leitist við að hafa hagsmuni ungra íbúa að leiðarljósi. Ráðið skal leitast við að efla umfjöllun um málefni sem tengjast ungu fólkum.

5. gr.

Helstu markmið og hlutverk ungmannaráðs eru eftirfarandi:

1. Að koma skoðunum og tillögum ungs fólks á framfæri til viðeigandi aðila í stjórnkerfi sveitarfélagsins.
2. Að gæta hagsmuna ungs fólks t.d. með umfjöllun og umsögnum um einstök mál sem snerta aldurshópinn sérstaklega.
3. Að fulltrúar ráðsins þjálfist í lýðræðislegum vinnubrögðum og læri á stjórnkerfi sveitarfélagsins, og skapa þeim vettvang til að koma sínum hugmyndum, skoðunum og áherslum á framfæri.
4. Að gera tillögur til sveitarstjórnar varðandi stefnumörkun um málefni ungs fólks.
5. Að vera sveitarstjórн til ráðgjafar í forvarnarmálum barna og ungenna.
6. Að auka fjölbreytni lista- og menningarstarfs í sveitarfélaginu ásamt öðru því sem að ungu fólkum lýtur.

6. gr.

Sveitarstjórн Flóahrepps samþykkir við gerð fjárhagsáætlunar ár hvert fjárframlag til ungmannaráðsins, sem ráðið getur varið til þinghalds, útgáfu, fræðslu eða annars sem þykir henta.

7. gr.

Heiðar



Ungmennaráð heldur að lágmarki 5 fundi árlega. Sveitarstjórn Flóahrepps og ungmennaráð halda tvo sameiginlega fundi á starfstíma hvers ungmennaráðs, samtals 4 á kjörtímabili sveitarstjórnar. Dagskrá fundarins skal undirbúin í samráði við sveitarstjóra.

8. gr.

Formaður ungmennaráðs Flóahrepps er tengiliður ráðsins við sveitarstjóra, sveitarstjórn og æskulýðs- og tómstundanefnd. Æskulýðs og tómstundanefnd er ráðinu til ráðgjafar og aðstoðar ef þurfa þykir. Formaður æskulýðs- og tómstundanefndar og sveitarstjóri mega sitja fundi ráðsins með málfrelsi og tillögurétt en hafa ekki atkvæðisrétt. Formaður ungmennaráðs boðar til fyrsta fundar ráðsins á nýju kjörtímabili. Ungmennaráð skal hafa eins og kostur er frumkvæði að umfjöllun mála.

9. gr.

Um fundarsköp á fundum ungmennaráðs gilda ákvæði sveitarstjórnlaga og samþykkt um stjórn sveitarfélagsins Flóahrepps. Ungmennaráð skilar undirrituðum fundargerðum á skrifstofu Flóahrepps að loknum hverjum fundi.

10. gr.

Samþykktir sveitarstjórnar um laun fyrir setu í nefndum sveitarfélagsins gilda um ungmennaráð eins og aðrar nefndir sveitarfélagsins.

11. gr.

Samþykkt þessi tekur gildi með staðfestingu sveitarstjórnar.

Samþykkt í sveitarstjórn Flóahrepps 05.12.2018

Eyðís P. Indriðadóttir sveitarstjóri